

125. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn mánudaginn 17. Janúar

Fundargerð

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl. 14:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir, Þráinn Lárusson og Sæunn Stefánsdóttir. Lárus Heiðarsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð 124. fundar stjórnar

Fundargerðin var samþykkt og verður undirrituð rafrænt.

2. Fjárlög 2022

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu fjárlaga. Austurbrú heldur því viðbótarframlagi sem hún hefur haft undanfarin ár með ákvörðun fjárlaganefndar við aðra umræðu fjárlaga..

3. Fundaáætlun, ársfundur og afmælisárið

Framkvæmdastjóri kynnti fundaáætlun fram á sumar. Stefnt er á aðalfund vikuna 25.apríl -29. apríl. Framkvæmdastjóri kallaði eftir hugmyndum að áherslum frá stjórn og ýmsar umræður því tengt m.a. sem snúa að samningamálum, kynningarmálum o.fl. Málin rædd áfram á næstu fundum.

4. Staða ýmissa verkefna

Yfirferð framkvæmdastjóra á verkefnum Austurbrúar. Tveir nýjir starfsmenn hófu störf í rannsóknarverkefnum í desember. Ýmis rannsóknarverkefni eru í gangi og á döfinni að sækja um fleiri. Búið er að ganga frá ráðningu verkefnastjóra í atvinnuráðgjöf og kemur hann til starfa fljótlega. Þá er í gangi umsóknarferli fyrir verkefnastjóra í verkefnið brothættar byggðir á Stöðvafirði.

5. Vörður.

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðunni í verkefninu Vörður miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir. Vonast er til að nánari upplýsingar um næstu skref fari að berast.

Engin önnur mál, fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur verður 7.febrúar